

## Umhverfis- og skipulagsráð

Ár 2018, miðvikudaginn 18. apríl kl. 9:08 var haldinn 227. fundur umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12 - 14, 7. hæð, Ráðssal. Viðstaddir voru: Hjálmar Sveinsson, Magnea Guðmundsdóttir, Magnús Sveinn Helgason, Heiða Björn Hilmisdóttir, Herdís Anna Þorvaldsdóttir og Aðalsteinn Haukur Sverrisson áheyrnarfulltrúi. Eftirtaldir embættismenn sátu fundinn: Örn Sigurðsson, Björn Axelsson, Þorsteinn Hermannsson, Gunnar Hersveinn Sigursteinsson, Helena Stefánsdóttir og Marta Grettisdóttir. Starfsfólk mannréttindadeildar, fjármáladeildar og skipulagsstjóra hjá umhverfis- og skipulagssviði sátu fundinn, eftir atvikum undir liðum 2-18. Fundarritari er Erna Hrönn Geirsdóttir.

Þetta gerðist:

### (E) Umhverfis- og samgöngumál

1. SORPA bs., fundargerð Mál nr. US130002

Lögð fram fundargerð SORPU bs. nr. 388 frá 13. apríl 2018.

### (A) Skipulagsmál

2. Afgreiðslufundir skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, fundargerðir Mál nr. SN010070

Lögð fram fundargerð embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa Reykjavíkur dags. 13. apríl 2018.

3. Bryggjuhverfi vestur, svæði 4, nýtt (04.0) Mál nr. SN170087  
deiliskipulag

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 13. desember 2017, breytt 13. apríl 2018 sem unnin er af Arkís, Verkís og Landslagi, vegna gerðar deiliskipulags fyrir Bryggjuhverfi vestur, svæði 4. Svæðið er að mestu á núverandi landfyllingu og afmarkast af núverandi Bryggjuhverfi til austurs, Ártúnshöfða til suðurs og sjó til norðurs og vesturs. Í tillögunni er stefnt að uppbyggingu til að styrkja byggðamynstur núverandi Bryggjuhverfis og mæta þörf fyrir uppbyggingu nýrra íbúða auk þjónustu. Einnig er lögð fram almenn greinargerð og skilmálar fyrir innviði dags. 13. desember 2017 og greinargerð og skilmálar fyrir húsbýggingar og mannvirki á lóð dags. 13. desember 2017, breytt 13. apríl 2018. Jafnframt eru lögð fram drög Borgarsögusafns Reykjavíkur að húsakönnun Ártúnshöfða dags. nóvember 2017. Tillagan var auglýst frá 5. janúar 2018 til og með 16. febrúar 2018. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Magnús Þór Asgeirsson dags. 5. janúar 2018, Þorsteinn Þorgeirsson 5. og 30. janúar 2018 og Veitur dags. 16. febrúar 2018. Einnig er lögð fram fundargerð hverfisráðs Grafarvogs, dags. 12. febrúar 2018 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. apríl 2018. Samþykkt með þeim breytingum sem fram koma í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. apríl 2018.

Vísað til borgarráðs.

Lilja Grétarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

- Kl. 9:35 tekur Sigurborg Ó. Haraldsdóttir sæti á fundinum.

4. Austurhöfn og Hafnartorg, skipulag og uppbygging (01.11) Mál nr. SN180256  
630109-1080 Reginn hf., Hagasmára 1, 201 Kópavogur

Lagt fram bréf Regins fasteignafélags dags. 26. mars 2018 varðandi skipulag og uppbyggingu við Hafnartorg og Austurhöfn. Einnig er lögð fram kynning Regins ódags. Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs dags. 16. apríl 2018.

Umsögn umhverfis- og skipulagssviðs dags. 16. apríl 2018 samþykkt.

Hildur Gunnarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

5. Framnesvegur 38, breyting á (01.133.4) Mál nr. SN170920  
deiliskipulagi  
111066-3029 Ásgeir Baldursson, Framnesvegur 38, 101 Reykjavík  
Lögð fram umsókn Ásgeirs Baldurssonar mótt. 13. desember 2017 ásamt greinargerð Alternance slf. dags. 13. desember 2017 varðandi breytingu á deiliskipulagi Sólvallargöturéits vegna lóðar nr. 38 við Framnesveg. Í breytingunni felst hækkun á nýtingarhlutfalli, heimilt er að setja þakkvisti á húsið, heimilt er að hafa allt að þrjár íbúðir í húsinu o.fl., samkvæmt uppdr. Alternance slf. dags. 13. apríl 2018. Einnig er lögð fram umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 5. apríl 2018.  
Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.  
Vísad til borgarráðs.

Hildur Gunnarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

6. Fálkagata 10, breyting á deiliskipulagi (01.553.1) Mál nr. SN180273  
430304-3640 Landslagnir ehf., Lautarvegi 30, 103 Reykjavík  
621097-2109 Zeppelin ehf, Skeifunni 19, 108 Reykjavík  
Lögð fram umsókn Zeppelin ehf. f.h. Landslagna ehf. dags. 12. apríl 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi Fálkagöturéita vegna lóðarinnar nr. 10 við Fálkagötu. Í breytingunni felst að fjölga íbúðum um eina með því að byggja þakhæð ofan á húsið ásamt því að setja svalir á húsið, samkvæmt uppdr. Zeppelin ehf. dags. 20. febrúar 2018.  
Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.  
Vísad til borgarráðs.

Hildur Gunnarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

7. Kirkjustétt 2-6, breyting á deiliskipulagi (04.132.2) Mál nr. SN170578  
530516-0670 M fasteignir ehf., Bæjarlind 14-16, 200 Kópavogur  
Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn M fasteigna ehf., mótt. 20. júlí 2017, varðandi breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina 2-6 við Kirkjustétt. Í breytingunni felst að upphaflegum byggingarreit er skipt í þrjú hús sem geta orðið 1 - 3 hæðir. Hluti bygginga innan reitsins geta því orðið allt að 3 hæðir í stað 2 áður. Bætt er við heimild til að gera íbúðir á 2. - 3. hæð húsa 1 og 2. Einnig er skilmálum um bílastæði breytt og bætt við skilmálum um frágang lóðar, samkvæmt uppdr. VA arkitekta ehf., dags. 20. júlí 2017, br. 30. ágúst 2017 og skýringaruppdrátt dags. 10. nóvember 2017. Einnig er lagt fram samþykki eigenda, mótt. 20. júlí 2017. Tillagan var auglýst frá 5. desember 2017 til og með 19. janúar 2018. Engar athugasemdir bárust. Einnig er lagt fram bréf Skipulagsstofnunar dags. 7. febrúar 2018. Tillagan var endurauglýst frá 20. febrúar 2018 til og með 3. apríl 2018. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Ingi Jóhannes Erlingsson dags. 3. mars 2018 og Magnús Birgisson dags. 3. apríl 2018. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. apríl 2018.  
Samþykkt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 13. apríl 2018.  
Vísad til borgarráðs.

Lilja Grétarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

## (B) Byggingarmál

8. Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa, fundargerð Mál nr. BN045423

Fylgiskjal með fundargerð þessari er fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 969 frá 17. apríl 2018.

9. Borgartún 8-16A, Íbúðagisting fl. 2 (01.220.107) Mál nr. BN054380  
531114-0270 Höfðaíbúðir ehf., Stórhöfða 34-40, 110 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 20. mars 2018 þar sem sótt er um leyfi til að breyta skilgreiningu á íbúðum á 1. - 8. hæð, 38 íbúðir, sem gististað í flokki II, teg. íbúð, í fjölbýlishúsi á lóð nr. 8-16A við Borgartún. Frestað.

Lilja Grétarsdóttir verkefnisstjóri og Haraldur Sigurðsson deildarstjóri taka sæti á fundinum undir þessum lið.

## (C) Fyrirspurnir

10. Kennaraháskóli Íslands, reitur 1.254, (01.254) Mál nr. SN180171  
(fsp) breyting á þakhalla, bílgeymslu og svölum

580377-0339 Byggingarsamvinnufélagið Samtök, Síðumúla 29, 108 Reykjavík  
500191-1049 Arkþing ehf., Bolholti 8, 105 Reykjavík  
Lögð fram fyrirspurn Sigurðar Hallgrímssonar dags. 8. mars 2018 um stækkun svala fyrir utan húslínu úr 100 cm. í 160 cm., falla frá kröfu um hallandi vegg beggja megin á hæstu húsunum og hækka gólf í kjallara og þar af leiðandi hækka yfirborð í inngarði sem því nemur, samkvæmt tillögu Arkþings ehf. 8. mars 2018. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. apríl 2018. Umhverfis og skipulagsráð samþykkir að fyrirspyrjandi láti vinna tillögu að breytingu á deiliskipulagi vegna hluta þeirra breytinga sem óskað er eftir, í samræmi við umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. apríl 2018.

Guðlaug Erna Jónsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

11. Melgerði 1, (fsp) stækkun lóðar (01.814.0) Mál nr. SN170760  
070957-2489 Halla Arnardóttir, Melgerði 1, 108 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Höllu Arnardóttur mótt. 10. október 2017, um stækkun lóðarinnar nr. 1 við Melgerði. Einnig eru lagðar fram umsagnir skrifstofu eigna og atvinnuþróunar dags. 22. mars 2018 og skipulagsfulltrúa dags. 11. apríl 2018. Umhverfis og skipulagsráð samþykkir að fyrirspyrjandi láti vinna tillögu að breytingu á deiliskipulagi yfir götueitinn á eigin kostnað, í samræmi við umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. apríl 2018.

Ingvar Jón Bates Gíslason verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

12. Vogabyggð svæði 1, (fsp) uppbygging (01.45) Mál nr. SN180158  
hagkvæmra íbúða

701017-0990 Gelgjutangi ehf., Kjalarvogi 7-15, 104 Reykjavík  
Lögð fram fyrirspurn Þorsteins Inga Garðarssonar dags. 6. mars 2018 varðandi uppbyggingu hagkvæmra íbúða á lóð 1.6 í Vogabyggð svæði 1, samkvæmt tillögu dags. janúar 2018. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. apríl 2018.

Neikvætt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 13. apríl 2018.

Björn Ingi Edvardsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

13. Bykoreitur, reitur 1.138, (fsp) breyting á (01.138) Mál nr. SN180212  
aðal- og deiliskipulagi  
660182-0479 K. Steindórsson sf., Laugavegi 7, 101 Reykjavík  
660504-2060 Plúsarkitektar ehf, Fiskislóð 31, 101 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Plúsarkitekta ehf. dags. 19. mars 2018 ásamt bréfi dags. 19. mars 2018 um breyting á aðal- og deiliskipulagi reits 1.138, Bykoreits, sem felst í fjölgun íbúða á reitnum. Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs dags. 16. apríl 2018.

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. apríl 2018 samþykkt.

Hildur Gunnarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

#### (D) Ýmis mál

14. Umhverfis- og skipulagssvið, kynning á Mál nr. US180089  
greiningu þjónustubátta út frá  
aðferðafræði kynjaðrar fjárhags- og  
starfsáætlunar

Kynning á skýrslu umhverfis- og skipulagssviðs dags. í desember 2017 um greiningu þjónustubátta Umhverfis- og úrgangsstjórnunar, sorphirðu og sorpeyðingar út frá aðferðafræði kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar.  
Kynnt.

Steinunn Rögnvaldsdóttir sérfræðingur tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

15. Umhverfis- og skipulagssvið, Mál nr. US180073  
fjárhagsáætlun 2019-2023

Kynntar skuldbindingar og áhættur Umhverfis- og skipulagssviðs 2019-2023.  
Tímaáætlun fyrir greiningu þjónustubátta.  
Skuldbindingar og áhættur í rekstri USK 2019-2023.  
Kynnt.

Hreinn Ólafsson fjármálastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

16. Umhverfis- og skipulagssvið, yfirlit yfir Mál nr. US130118  
innkaup

Lagt fram yfirlit yfir innkaup umhverfis- og skipulagssviðs á verkum yfir milljón í febrúar 2018.

17. Blesugróf 30, 32 og 34, málskot (01.885.3) Mál nr. SN180247  
650505-1580 Sýrfell ehf, Traðarlandi 2, 108 Reykjavík  
490388-1419 Skipulags-,arkitekta-/verkfrst, Garðastræti 17, 101 Reykjavík

Lagt fram málskot Gests Ólafssonar dags. 27. mars 2018 vegna afgreiðslu skipulagsfulltrúa frá 9. mars 2018 varðandi uppbyggingu á lóðunum nr. 30, 32 og 34 við Blesugróf, samkvæmt uppdr. Skipulags-, arkitekta- og verkfræðistofunnar ehf. dags. 6. desember 2017.

Fyrri afgreiðsla skipulagsfulltrúa frá 9. mars 2018 staðfest.

Ingvar Jón Bates Gíslason verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

18. Húsvendarsjóður Reykjavíkur 2018, Mál nr. US180003  
úthlutun styrkja 2018
- Kynnt tillaga umhverfis- og skipulagsviðs að úthlutun styrkja úr Húsvendarsjóði árið 2018.  
Samþykkt  
Vísað til borgarráðs.
- Margrét Þormar verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.
19. Betri Reykjavík, minningarbökkir til Mál nr. US180077  
afnota fyrir almenning  
(USK2018040012)  
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík
- Lagt fram erindið "minningarbökkir til afnota fyrir almenning" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 31. mars 2018. Erindið var efsta hugmynd marsmánaðar á samráðsvefnum og jafnframt efst í málaflöknum framkvæmdir. Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og viðhalds.
20. Betri Reykjavík, fjölga leiktækjum í Mál nr. US180078  
Hljómskálagarðinum (USK2018040013)  
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík
- Lagt fram erindið "fjölga leiktækjum í Hljómskálagarðinum" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 31. mars 2018. Erindið var önnur efsta hugmynd marsmánaðar á samráðsvefnum og kemur úr málaflöknum framkvæmdir. Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og viðhalds.
21. Betri Reykjavík, mála gafla og húsveggi Mál nr. US180079  
(USK2018040014)  
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík
- Lagt fram erindið "mála gafla og húsveggi" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 31. mars 2018. Erindið var þriðja efsta hugmynd marsmánaðar á samráðsvefnum og kemur úr málaflöknum framkvæmdir. Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og viðhalds.
22. Betri Reykjavík, laga grindverk í Mál nr. US180081  
kringum körfuboltavöllinn við Eyjabakka  
(USK2018040017)  
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík
- Lagt fram erindið "laga grindverk í kringum körfuboltavöllinn við Eyjabakka" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 31. mars 2018. Erindið var fimmta efsta hugmynd marsmánaðar á samráðsvefnum og kemur úr málaflöknum framkvæmdir. Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og viðhalds.
23. Betri Reykjavík, hlaupið í fleiri hverfum Mál nr. US180080  
en miðbænum (USK2018040016)  
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lagt fram erindið "hlaupið í fleiri hverfum en miðbænum" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 31. mars 2018. Erindið var fjórða efsta hugmynd marsmánaðar á samráðsvefnum og jafnframt efst í málaflokknum umhverfismál.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu umhverfisgæða.

24. Betri Reykjavík, rukka í stæði á Mál nr. US180082  
stórviðburðum (USK2018040018)  
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lagt fram erindið "rukka í stæði á stórviðburðum" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 31. mars 2018. Erindið var efsta hugmynd marsmánaðar í málaflokknum samgöngur.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngustjóra.

25. Betri Reykjavík, gangstígur meðfram Mál nr. US180083  
Austurbergi (USK2018040019)  
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lagt fram erindið "gangstígur meðfram Austurbergi" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 31. mars 2018. Erindið efsta hugmynd marsmánaðar í málaflokknum skipulagsmál.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa.

26. Betri Reykjavík, almenningsklósett sem Mál nr. US180084  
eru í lagi (USK2018040020)  
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lagt fram erindið "almenningsklósett sem eru í lagi" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 31. mars 2018. Erindið efsta hugmynd marsmánaðar í málaflokknum ýmislegt.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu reksturs og viðhalds.

27. Betri Reykjavík, hlaupaleiðir í Heiðmörk Mál nr. US180085  
(USK2018040023)  
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lagt fram erindið "hlaupaleiðir í Heiðmörk" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 31. mars 2018. Erindið var efsta hugmynd marsmánaðar í málaflokknum frítími og útivist.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu reksturs og viðhalds.

28. Eikjuvogur 27, kæra 54/2018 (01.470.5) Mál nr. SN180276

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 13. apríl 2018 ásamt kærðu dags. 11. apríl 2018 þar sem kærð er breyting á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 27 við Eikjuvog.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu sviðsstjóra.

29. Prastargata 1-11, nr. 7B, kæra 38/2018, (01.553.1) Mál nr. SN180184  
umsögn  
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 12. mars 2018 ásamt kærðu dags. 7. mars 2018 þar sem kærð er ákvörðun byggingarfulltrúa Reykjavíkur frá 8. febrúar 2018 um að hafna að beita úrræðum 2. mgr. 55. gr. laganr. 160/2010 um mannvirki vegna kvista á norður- og suðurhlíð húss að

Þrastargötu 7B, sem stendur á sameiginlegri lóð nr. 1-11 við Þrastargötu. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 11. apríl 2018.

30. Hólmasel 2, kæra 47/2018, umsögn (04.937.7) Mál nr. SN180217  
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 20. mars 2018 ásamt kæru dags. 18. mars 2018 þar sem kærð er synjun byggingarfulltrúa frá 20. febrúar 2018 á byggingarleyfi fyrir Hólmasel 2. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 11. apríl 2018.

31. Grettisgata 41, kæra 99/2016, umsögn (01.173.1) Mál nr. SN160564  
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 13. júlí 2016 ásamt kæru þar sem kærð er ákvörðun embættis byggingarfulltrúa um að aðhafast ekki vegna óleyfisframkvæmda á lóð nr. 41 við Grettisgötu. Einnig eru lagðar fram umsagnir skrifstofu sviðsstjóra dags. 26. janúar 2017 og 10. apríl 2018.

32. Langholtsvegur 138, kæra 120/2017, (01.441) Mál nr. SN170778  
umsögn  
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 12. október 2017 ásamt kæru, þar sem kærð er synjun um leyfi til að byggja sólskála og endurbyggja anddyri við Langholtsveg 138. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 10. apríl 2018.

33. Þjóðhildarstígur 2-6, kæra 41/2018, (04.112.2) Mál nr. SN180182  
umsögn  
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 12. mars 2018 ásamt kæru dags. 10. mars 2018 þar sem kærð er útgáfa byggingarleyfis vegna viðbyggingar suðaustan megin að Þjóðhildarstíg 2-6. Jafnframt er gerð krafa um stöðvun framkvæmda. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 12. apríl 2018.

34. Kjalarnes, Sætún, kæra 64/2016, umsögn, (33.6) Mál nr. SN160494  
úrskurður  
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 16. júní 2016 ásamt kæru þar sem kærð er breyting á deiliskipulagi landsspildunnar að Sætúni I í Kjalarnesi. Einnig lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu sviðsstjóra, dags. 5. september 2016. Jafnframt er lagður fram úrskurður umhverfis- og auðlindamála frá 12. apríl 2018. Úrskurðarorð: Hafnað er kröfu kæranda um ógildingu ákvörðunar borgarráðs Reykjavíkur frá 7. apríl 2016 um að samþykkja breytingu á deiliskipulagi Móa, Skrauthóla og Sjávarhóla vegna Sætúns I á Kjalarnesi.

35. Holtsgata 1-3, Bræðraborgarstígur 30, (01.134.6) Mál nr. SN160813  
kæra 140/2016, umsögn, úrskurður  
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála ásamt kæru, dags. 31. október 2016 þar sem kærð er synjun byggingarfulltrúa Reykjavíkurborgar um leyfi fyrir léttu útdraganlega svalalokun að Bræðraborgarstíg 30. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra, dags. 19. desember 2016. Jafnframt er

lagður fram úrskurður umhverfis- og auðlindamála frá 12. apríl 2018. Úrskurðarorð: Felld er úr gildi ákvörðun byggingarfulltrúans í Reykjavík frá 27. september 2016 um að synja umsókn um leyfi fyrir svonefndri gustlokun á þaksvölum íbúðar 0401 í húsinu nr. 30 við Bræðraborgarstíg í Reykjavík.

36. Laugavegur 58, kæra 108/2016, umsögn, (01.173.1) Mál nr. SN160618  
úrskurður  
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf úrskurðarnefnar umhverfis- og auðlindamála, dags. 16. ágúst 2016, ásamt kæru þar sem kærð er synjun umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur um leyfi til að breyta skráningu úr íbúð í atvinnurekstur. Einnig lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra, dags. 31. ágúst 2016. Jafnframt er lagður fram úrskurður umhverfis- og auðlindamála frá 12. apríl 2018. Úrskurðarorð: Felld er úr gildi ákvörðun byggingarfulltrúans í Reykjavík frá 12. júlí 2016 á umsókn um leyfi til að breyta skráningu húshluta 0201 úr íbúð í atvinnuhúsnæði að Laugavegi 58, Reykjavík.

**Fleira gerðist ekki.  
Fundir slitið kl. 12:03.**

Fundargerðin lesin yfir og undirrituð

Hjálmar Sveinsson

Magnea Guðmundsdóttir  
Sigurborg Ó. Haraldsdóttir  
Herdís Anna Þorvaldsdóttir

Heiða Björg Hilmisdóttir  
Magnús Sveinn Helgason



## Afgreiðsla byggingarfulltrúa samkv. samþykkt nr. 161/2005

Árið 2018, þriðjudaginn 17. apríl kl. 10:22 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 969. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2. hæð Borgartúni 12-14. Þessi sátu fundinn: Harpa Cilia Ingólfssdóttir, Nikulás Úlfar Másson, Olga Hrund Sverrisdóttir, Erna Hrönn Geirsdóttir, Sigríður Maack, Sigrún Reynisdóttir og Jón Hafberg Björnsson. Fundarritari var Erna Hrönn Geirsdóttir.

### Þetta gerðist:

#### Nýjar/br. fasteignir

1. Akurgerði 26 (01.812.013) 107838 Mál nr. BN054477  
201074-4609 Brynjar Marinó Ólafsson, Akurgerði 26, 108 Reykjavík  
100273-4629 Þórný Þórðardóttir, Akurgerði 26, 108 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að klæða austurgafli með láréttri ljósgrárrí báru og einangrað með 50 mm steinull á parhúsið á lóð nr. 26 við Akurgerði.  
Samþykki eiganda nr. 28 dags. 23. október 2017 fylgir.  
Gjald kr. 11.000  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
2. Álfheimar 74 (01.434.301) 105290 Mál nr. BN054197  
691206-4750 LF2 ehf., Álfheimum 74, 104 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta austurhluta 6. hæðar og innréttarannsóknarstofur og koma fyrir auka loftræstingu sem kemur út um loftristar í glugga í húsi á lóð nr. 74 við Álfheima.  
Bréf frá hönnuði sem lýsir breytingum dags. 8. febrúar 2018, tölvupóstur dags. 17. janúar 2018 og minnisblað um loftræstingu dags. 26. febrúar 2018.  
Bréf frá hönnuði dags. 9. apríl. 2018 fylgir.  
Gjald kr. 11.000  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
3. Ásvallagata 52 (01.139.014) 100747 Mál nr. BN054303  
620188-1589 Jakobssynir ehf., Gláðheimum 26, 104 Reykjavík  
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem eru að íbúðarhús stækkar sem nemur svölum á annarri hæð og stækkun bílskúrs á lóð nr. 52 við Ásvallagötu.  
Erindi fylgir húsaskoðun dags. 12. apríl 2018.  
Stækkun: 8.6 ferm., XX rúmm.  
Stækkun bílskúrs: 16 ferm., XX rúmm.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.

4. Bauganes 33 (01.673.107) 106834 Mál nr.  
BN054289  
260671-4999 Hulda Steingrimsdóttir, Bauganes 33, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að lyfta hluta af þaki og byggja kvist á norðausturhlið á húsi á lóð nr. 33 við Bauganes.  
Bréf frá hönnuði dags. 11. apríl 2018 fylgir.  
Stækkun rúmm. er: 14,8 rúmm.  
Gjald kr. 11.000  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
5. Brautarholt 18-20 (01.242.206) 103035 Mál nr.  
BN054286  
650613-1200 Upphaf fasteignafélag slhf., Garðastræti 37, 101 Reykjavík  
660214-0380 LL09 ehf., Garðastræti 37, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja inndregna 5. hæð ofaná hús og innréttu 22 íbúðir á 2. - 5. hæð, stækka glugga, koma fyrir svölum, byggja stiga- og lyftuhús og hjóla- og vagnageymslur sem verða sameiginlegar með húsi nr. 20 á baklóð húss á lóð nr. 18 við Brautarholt.  
Erindi fylgir bréf hönnuða um skipulagsforsendur dags. 4. janúar 2018 og minnisblað um brunamál dags. 19. febrúar 2018.  
Stækkun: xx ferm., xx rúmm.  
Eftir stækkun, mhl. 01: 1.393,5 ferm., 4.887,2 rúmm.  
Mhl. 02: 125,4 ferm., 375,6 rúmm.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Vísad til athugasemda og málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
6. Breiðhöfði 13 (04.030.101) 110517 Mál nr.  
BN054511  
520402-2410 Vagneignir ehf., Vagnhöfða 23, 110 Reykjavík  
Sótt er um takmarkað byggingarleyfi fyrir jarðvinnu, undirstöður, botnplötu og lagnir í grunn fyrir stálgrindarhús á lóð nr. 13 við Breiðhöfða (áður Eirhöfði 2-4) sbr. BN053724.  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Samþykktin fellur úr gildi við útgáfu á endanlegu byggingarleyfi. Vegna útgáfu á takmörkuðu byggingarleyfi skal umsækjandi hafa samband við yfirverkfræðing embættis byggingarfulltrúa.  
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.  
Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggir að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífarnar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins.  
Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.  
Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu.

- Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.  
Áskilið samþykki Vinnueftirlits ríkisins.
7. Dalbraut 12 (01.344.501) 104042 Mál nr.  
BN054211  
500300-2130 Landspítali, Eiríksgötu 5, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja anddyri við norðurinnangang mhl. 01 og skábraut við vesturinnangang sama mhl. á lóð nr. 12 við Dalbraut.  
Stækkun: 10,6 ferm., 29,6 rúmm.  
Gjald kr. 11.000  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
8. Dyngjuvegur 6 (01.383.203) 104848 Mál nr.  
BN054497  
120181-5489 Jóhanna Jónsdóttir, Dyngjuvegur 6, 104 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að gera viðbyggingu undir svölum, breyta geymslu í herbergi í kjallara, síkka glugga og gera hurð út í garð og tröppur frá svölum niður í garð, koma fyrir heitum potti með loki undir stærri svölum, glerja við útmörk svala og hurð út í garð auk þess sem sótt er um áður gerðar innri breytingar í kjallara í húsi á lóð nr. 6 við Dyngjuveg.  
Stækkun : 16,7 ferm., XX rúmm.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
9. Döllugata 8 (05.113.708) 214847 Mál nr.  
BN054470  
250973-3739 Einar Freyr Einarsson, Tröllakór 4, 203 Kópavogur  
301177-3569 Ingigerður Karlsdóttir, Tröllakór 4, 203 Kópavogur  
Sótt er um leyfi til að byggja steinsteypt einbýlishús með innbyggðri bílgeymslu á lóð nr. 8 við Döllugötu.  
Stærð A-rými: 333,2 ferm., 1.170,3 rúmm.  
B-rými: XX ferm., XX rúmm.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
10. Döllugata 9 (05.113.101) 214841 Mál nr.  
BN054486  
600100-2620 Byggingarfélagið Bogi ehf., Lyngrima 1, 112 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja steinsteypt einbýlishús með innbyggðum bílageymslu á lóð nr. 8 við Döllugötu.  
Varmatapsútreikningar dags. 9. apríl. 2018 fylgir.  
Stærð A-rými : 328,7 ferm., 1.160,6 rúmm.  
B-rými 14,1 ferm., XX rúmm.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
11. Elliðabraut 8-10 (04.772.601) 204802 Mál nr.  
BN054509  
660505-2100 MótX ehf., Hlíðasmára 19, 201 Kópavogur  
Sótt er um takmarkað byggingarleyfi fyrir jarðvinnu fjölbýlishúsa á lóð nr. 12-16 við Elliðabraut sbr. BN054250.

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Samþykktin fellur úr gildi við útgáfu á endanlegu byggingarleyfi. Vegna útgáfu á takmörkuðu byggingarleyfi skal umsækjandi hafa samband við yfirverkfræðing embættis byggingarfulltrúa.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.

Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.

Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggir að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífarnar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins.

Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

12. Fellsmúli 24 (01.297.101) 103858 Mál nr.  
BN054496

600302-2560 Dalborg hf, Dalvegi 18, 201 Kópavogur

Sótt er um leyfi til að hólfa niður rými 0101 í mhl. 01 í fjögur verslunar- og þjónusturými 0101, 0104, 0105 og 0106 og er gert ráð fyrir að flóttaleið fyrir þessi bil liggi í gegnum hluta af mhl. 02 inn í bakstigahús, upp á 2. hæð út undir bert loft á húsum á lóð nr. 24 til 26 við Fellsmúla.

Bréf frá hönnuði dags. 4. apríl 2018

Gjald kr. 11.000

Frestað.

Vísað til athugasemda.

13. Fiskislóð 43 (01.086.603) 209699 Mál nr.  
BN054300

630317-0450 F43 ehf., Borgartúni 24, 105 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að byggja sérhæft sýningarhús til kynningar og fræðslu með veitingastað í flokki II, teg. c og minjagripaverslun, hluti A er stálgrindarhús og hluti B staðsteypt á lóð nr. 43 við Fiskislóð.

Stærð, A-rými: 2.106,7 ferm., 17.169 rúmm.

Gjald kr. 11.000

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.

Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.

Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggir að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífarnar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins.

Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

14. Freyjubrunnur 1 (02.695.701) 205705 Mál nr.  
BN054482  
500100-2220 Flotgólf ehf., Akralind 2, 201 Kópavogur  
Sótt er um leyfi til að byggja tveggja hæða einbýlishús með innbyggðri bílgeymslu úr forsteyptum einingum á lóð nr. 1 við Freyjubrunn.  
Stærð, jarðhæð: íbúð 133,8 ferm.,  
1. hæð: íbúð 94,8 ferm.,  
bílgeymsla: 32,0 ferm.  
Samtals: 260,6 ferm., 963,9 rúmm.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
15. Geitland 2-12 1-43 (01.851.101) 108763 Mál nr.  
BN054487  
221078-5519 Erla Rós Gylfadóttir, Geitland 43, 108 Reykjavík  
030178-5729 Pétur Thor Gunnarsson, Geitland 43, 108 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta glugga á suðurhlíð í hurð á húsi nr. 43 í raðhúsi á lóð nr. 2-12 1-43 við Geitland.  
Umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 26. mars. 2018 fylgir .  
Samþykki meðeigenda dags. 18. mars 2018 fylgir.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
16. Grandagarður 8 (01.115.101) 100046 Mál nr.  
BN054490  
450105-4810 Víkin - Sjóminjasafn í Re ses., Grandagarði 8, 101 Reykjavík  
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN052125 þannig að bætt er við svalahurð á suðaustur hlið og hætt er við flóttahurð inn í fundarherbergi í húsinu á lóð nr. 8 við Grandagarð.  
Gjald kr. 11.000  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Askilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
17. Grensásvegur 9 (01.461.101) 105665 Mál nr.  
BN054245  
690981-0259 Ríkiseignir, Borgartúni 7a, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að lagfæra skráningu skrifstofuhúss á lóð nr. 9 við Grensásveg.  
Stækkun: 16,9 ferm., 4.439,8 rúmm.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
18. Grandagarður 14 (01.114.501) 100041 Mál nr.  
BN054216  
480915-0890 Grandagarður 14 ehf., Öldugötu 4, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja bryggju ásamt flotbryggju við suðurhlíð, breyta innra fyrirkomulagi og gluggum jarðhæðar og gera veitingastað í flokki II - tegund A fyrir 80 gesti á 1. hæð í húsi á lóð nr. 14 við Grandagarð.  
Meðfylgjandi er umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 16. febrúar og 26. mars 2018, bréf Faxaflóahafna dags. 15. mars 2018, útskrift úr gerðabók

embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 6. apríl 2018 ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. apríl 2018.

Gjald kr. 11.000

Frestað.

Vísað til athugasemda.

19. Grandagarður 16 (01.114.301) 100040 Mál nr.  
BN054210  
530269-7529 Faxaflóahafnir sf., Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN052397 sem felst í breytingu á starfsemi þar sem nú er sótt um að starfrækja matarmarkað og níu veitingastaði í flokki II - tegund c á hluta 1. hæðar, ásamt breytingum á innra skipulagi, færslu á neyðarútgangi, fjölgun veitingarýma og breytingu á byggingarlýsingu í húsi á lóð nr. 16 við Grandagarð.  
Greinargerð um hljóðvist dags. 15.03.2018 fylgir erindi.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 9. mars 2018 fylgir erindinu, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. mars 2018.  
Gjald kr. 11.000  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Askilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Askilið samþykki Vinnueftirlits ríkisins.
20. Grettisgata 54B (01.190.110) 102385 Mál nr.  
BN054417  
550305-0380 Reir ehf., Laugavegi 7, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN050495 þannig að sleppt er stiga frá 1. hæð niður í kjallara, innra skipulagi breytt í kjallaranum og hæð glugga á suðurhlið lækkar og breytt í tvöfalda hurð á húsið á lóð nr. 54B við Grettisgötu.  
Gjald kr. 11.000  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.  
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
21. Haukahlíð 1 (01.629.102) 221262 Mál nr.  
BN054466  
450107-0420 Hlíðarfótur ehf., Síðumúla 28, 108 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja mhl. 07, tvö stigahús á 3-5 hæðum með 33 íbúðum, steinsteypt, einangruð að utan og klædd múrkerfi og málmklæðningu á lóð nr. 7 við Haukahlíð.  
Erindi fylgir brunahönnun frá Mannvit dags. 14. mars 2018 og greinargerð um hljóðvist dags. 27. mars 2018.  
Stærð mhl. 07, A-rými: 3.376,4 ferm., 10.533 rúmm.  
B-rými: xx ferm., xx rúmm.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
22. Haukdælabraut 46 (05.114.701) 214803 Mál nr.  
BN054377  
081282-4209 Rúnar Örn Ólafsson, Reykás 37, 110 Reykjavík

200885-2609 Snædis Þráinsdóttir, Reykás 37, 110 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja tveggja hæða steinsteypt einbýlishús með innbyggðri bílgeymslu, einangrað að utan og klætt málmklæðningu og timbri á lóð nr. 46 við Haukdælabraut.

Stærð, A-rými: 300,7 ferm., 1.060,1 rúmm.,

B-rými: 20,6 ferm., 66,7 rúmm.

Samtals: 321,3 ferm.

Gjald kr. 11.000

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

23. Hraunbær 103A (04.331.103) 225258 Mál nr.  
BN054285

610786-1629 Dverghamrar ehf., Lækjarbergi 46, 221 Hafnarfjörður

Sótt er um leyfi til að byggja 5-9 hæða fjölbýlishús með 60 íbúðum ásamt bílgeymslu í kjallara á lóð nr. 103A við Hraunbæ.

Erindi fylgja varmatapsútreikningar dags. 27.02.2018 og hljóðvistarSKýrsla dags. 23.02.2018.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 13. apríl 2018 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. apríl 2018.

Stærðir:

A-rými 7.74,5 ferm., 22.893,8 rúmm.

B-rými 607,7 ferm., 1700,72 rúmm.

Gjald kr. 11.000

Frestað.

Vísað til athugasemda.

24. Hrísteigur 23 (01.346.108) 104077 Mál nr.  
BN054355

540917-0270 Synaptik ehf., Skipasundi 14, 104 Reykjavík

Sótt er um samþykki fyrir áður gerðri íbúð í kjallara fjölbýlishúss á lóð nr. 23 við Hrísteig.

Erindi fylgir brunavirðing dags. 12. maí 1944.

Gjald kr. 11.000

Frestað.

Vísað til athugasemda.

25. Hverafold 78 (02.862.501) 110237 Mál nr.  
BN054484

110875-4959 Magnús Magnússon, Hverafold 78, 112 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN053055 vegna lokaúttektar á húsi á lóð nr. 78 við Hverafold.

Gjald kr. 11.000

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

26. Hverfisgata 78 (01.173.011) 101501 Mál nr.  
BN054376

610317-2430 RR fasteignir ehf., Laugavegi 182, 105 Reykjavík

Sótt er um breytingar á erindi BN053160 sem felast í breytingum á innra fyrirkomulagi í mhl.01 þar sem gistirýmum er fækkað úr níu í sex, komið fyrir nýrri lyftu og kjallari nýttur sem starfsmannarými og stoðrymi í húsi á lóð nr. 78 við Hverfisgötu.

Gjald kr. 11.000

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífnaðar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins.

Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilið samþykki Vinnueftirlits ríkisins.

27. Hörpugata 12 (01.635.705) 106696 Mál nr.  
BN054446

191265-4409 Sesselja Bjarnadóttir, Hörpugata 12, 101 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að byggja vinnustofu á lóð, endurbyggja garðstofu og setja þar þaksvalir og hækka bíslag við anddyri í húsi á lóð nr. 12 við Hörpugötu.

Stækkun:

Mhl.01: 0 ferm., x rúmm.

Mhl.02: 44,0 ferm., x rúmm.

Umsögn skipulagsfulltrúa við fyrirspurn dags. 06.04.2018 fylgir erindi.

Gjald kr. 11.000

Frestað.

Málinu vísað til skipulagsfulltrúa til ákvörðunar um grenndarkynningu.

Vísað til uppdráttar A-100, A-200, A-300 dags. 26. mars 2018.

28. Klettagarðar 13 (01.325.201) 180007 Mál nr.  
BN054420

540206-2010 N1 hf., Dalvegi 10-14, 201 Kópavogur

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN045390 vegna lokaúttektar í húsi á lóð nr. 13 við Klettagarða .

Gjald kr. 11.000

Frestað.

Vísað til athugasemda.

29. Klettagarðar 21 (01.324.401) 199100 Mál nr.  
BN054338

680380-0319 Sjónvarpsmiðstöðin ehf., Síðumúla 2, 108 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að færa vegg milli rýma 0101 og 0102, úr mátlínu 9 og í 11, stækka millipall í vesturenda, koma fyrir hurð á milli mátlína 11 og 12 á suður- og norður hlið hússins á lóð nr. 21 við Klettagarða.

Stækkun millipalls: 75 ferm.

Gjald kr. 11.000

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

30. Korngarðar 3 (01.323.201) 223775 Mál nr.  
BN054508

530269-7529 Faxaflóahafnir sf., Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík



600794-2059 Dalsnes ehf., Fossaleyni 21, 112 Reykjavík  
Sótt er um takmarkað byggingarleyfi fyrir verkþátt á undirstöðum á milli mátlína 17-25 fyrir geymsluhúsnæði og skrifstofur á lóð nr. 3 við Korngarða sbr. BN053122.

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Samþykktin fellur úr gildi við útgáfu á endanlegu byggingarleyfi. Vegna útgáfu á takmörkuðu byggingarleyfi skal umsækjandi hafa samband við yfirverkfræðing embættis byggingarfulltrúa.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.

Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.

Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífnaðar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins.

Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilið samþykki Vinnueftirlits ríkisins.

31. Langholtsvegur 156 (01.441.302) 105456 Mál nr.  
BN054481  
190851-3549 Marta Sigrún Sigurðardóttir, Langholtsvegur 156, 104 Reykjavík  
Sótt er um samþykki fyrir núverandi fyrirkomulagi á 1. hæð og fyrir áður gerðri íbúð í kjallara fjölbýlishúss á lóð nr. 156 við Langholtsveg.  
Erindi fylgir lögheimilisskráning frá 16. október 1952 frá Þjóðskrá og íbúðarskoðun byggingarfulltrúa dags. 6. september 2017.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Vísad til athugasemda.
32. Laugav 22/Klappars 33 (01.172.201) 101456 Mál nr.  
BN054416  
420498-3229 Hótel Frón ehf., Laugavegi 22a, 101 Reykjavík  
Sótt er um samþykki fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi á 2., 3. og 4. hæð v/lokaúttektar í Klapparstíg 33 á lóð Laugav 22/Klappars 33.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Vísad til athugasemda.
33. Laugavegur 18 (01.171.501) 101417 Mál nr.  
BN054225  
481004-2680 Kaupangur fasteignafélag ehf., Laugavegi 18, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og útbúa nýja flóttaleið með því að opna tímabundið yfir lóðamörk að hóteli á lóðum nr. 7 og 9 við Vegamótastíg í húsi á lóð nr. 18 við Laugaveg.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Erindið verður afgreitt samhliða erindi Vegamótastíg 7 og 9.
34. Laugavegur 42 (01.172.223) 101478 Mál nr.  
BN054309  
690113-1390 Ísbúðin Valdís ehf., Grandagarði 21, 101 Reykjavík

561298-3439 Kebab ehf., Grensásvegi 3, 108 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta innra fyrirkomulagi og innrétta ísbúð með rými fyrir 30 gesti, færa milliloft og innrétta starfsmannaaðstöðu í húsi á lóð nr. 42 við Laugaveg.  
Erindi fylgir samþykki eiganda aðlægs eignarhluta v/flóttaleiðar dags. 28. mars 2018.  
Gjald kr. 11.000  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Þinglýsa skal kvöð um flóttaleið yfir viðbyggingu á Laugavegi 42 fyrir útgáfu á byggingarleyfis.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.  
Áskilið samþykki Vinnueftirlits ríkisins.

35. Laugavegur 55 (01.173.020) 101507 Mál nr.  
BN054219

681215-1230 L55 ehf., Síðumúla 29, 108 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN051430, um er að ræða að herbergjum og morgunverðarsal á 1. hæð er víxlað, hús verður einangrað að innan, hætt við útskot í herbergjum, byggt tæknirými á 5. hæð og útliti húss breytt, í gististað í flokki V, teg. hótél fyrir 104 gesti í húsi á lóð nr. 55 við Laugaveg.  
Erindi fylgir bréf hönnuða dags. 1. mars 2018.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 23. mars 2018 fylgir erindinu, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. mars 2018.  
Gjald kr. 11.000  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
